

FUNDARGERÐ AÐALFUNDAR LANDSBRÉFA HF. 2024

Þann 30. maí 2024 kl. 16:00 var haldinn aðalfundur Landsbréfa hf., kt. 691208-0520, á skrifstofum félagsins að Reykjastræti 2 í Reykjavík. Fundurinn hófst með því að Þórunna Jónsdóttir, formaður stjórnar félagsins, bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hún stakk upp á að Bragi Gunnarsson, lögmaður Landsbréfa, yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt. Bragi tók við fundarstjórn og lagði til að Klara Hrönn Sigurðardóttir, rekstrarstjóri Landsbréfa, yrði kjörin fundarritari. Það var samþykkt. Lögmæti fundarins var kannað, en mætt er fyrir 100% hluta í félaginu og fer Hreiðar Bjarnason með þau atkvæði f.h. Eignarhaldsfélags Landsbankans ehf. og Bláma fjárfestingafélags ehf. Ekki voru gerðar athugasemdir við boðun fundarins og úrskurðaði fundarstjóri fundinn lögmætan til að afgreiða þau mál sem fyrir fundinum liggja.

Gengið var til umræðna og afgreiðslu dagskrármála.

1. Skýrsla stjórnar um hag félagsins og rekstur á liðnu starfsári

Þórunna Jónsdóttir formaður stjórnar flutti skýrslu stjórnar. Hún sagði að árið 2023 hefði verið merkilegt fyrir margra hluta sakir. Hún sagði vel hefði tekist til við flutninga á skrifstofum félagsins úr Borgartúni í nýjar höfuðstöðvar að Reykjastræti 2. Húsnæðið væri hannað utan um starfsemina og ekki skemmdi nærveran við móðurfélagið Landsbankann sem væri jafnframt stærsti viðskiptavinur Landsbréfa. Hún fór yfir þróun efnahagsmála og sagði að árið hefði einkennst af vaxandi verðbólgu og viðbrögðum Seðlabankans sem fólust m.a. í ítrekuðum hækkunum á meginvöxtum bankans

Hún sagði að starfsemi Landsbréfa hefði gengið vel á árinu og sjóðir félagsins almennt skilað góðri frammistöðu miðað við aðstæður. Þar nefndi hún sérstaklega eignadreifingarsjóðina en þessir sjóðir hefðu gengið einkar vel á árinu miðað við markaðsaðstæður og eins ef þeir væru bornir saman við samkeppnisaðila. Þá hefðu eignasöfn í stýringu almennt gengið vel og rekstur sjóða hjá sérhæfðum fjárfestingum verið góður. Sagði hún að þó slíkir sjóðir á félagiformi væru ekki beinn hluti af reikningsskilum Landsbréfa þá hefðu þeir mikla þýðingu þar sem þeir væru mikilvægur tekjupóstur fyrir félagið. Nefndi hún að vel hefði gengið að fjárfesta fyrir framtakssjóðinn Horn IV sem væri nánast búinn að ljúka fjárfestingum þó enn væri nokkuð eftir af fyrirfram skilgreindum fjárfestingartíma. Þá fór hún stuttlega yfir rekstur A-hluta en hagnaður á árinu var 1.035 m. kr. og jókst töluvert frá fyrra ári er hann var

814 m. kr. Hún sagði stjórn leggja til að greiddur verði 1 ma. kr. í arðgreiðslu en sagði að nánari grein yrði gerð fyrir tillöggunni síðar á fundinum. Um reksturinn að öðru leyti sagðist hún vísa til umfjöllunar framkvæmdastjóra undir næsta dagskrárlið þegar ársreikningur verður tekinn fyrir. Hún sagði 21 stöðugildi vera hjá Landsbréfum en ársverkin hefðu verið 21,7 á árinu. Engir kaupaukar hefðu verið greiddir eða starfsmenn notið breytilegra starfskjara. Sjóðsfélagar hefðu verið um 18 þúsund og eignir í stýringu um 472 ma. kr.

Hún gerði grein fyrir störfum stjórnar á árinu, en stjórn fundaði 12 sinnum á árinu og þá gerði hún grein fyrir niðurstöðum síðasta aðalfundar sem haldinn var 2. maí 2023. Í lokin sagði Þóranna að hún hefði ákveðið að gefa ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn Landsbréfa. Hún hefði nú setið í sjö ár í stjórninni og þar af gegnt formennsku í fimm ár. Þessi tími hefði verið skemmtilegur en oft krefjandi og þakkaði hún meðstjórnarmönnum og öðru starfsfólki gott samstarf. Hún sagðist skilja við félagið með söknuði en gengi stolt frá borði. Sagðist hún ekki treysta neinum betur til ávaxta sparifé landsmanna en starfsfólki Landsbréfa sem hefði áunnið sér traust og það væri einmitt traust sem væri lykilatriði í rekstri félags eins og Landsbréf. Þá sagðist hún einnig vilja þakka bankastjóra fyrir gott samstarf.

Aðrir tóku ekki til máls undir þessum dagskrárlið.

2. Ársreikningur lagður fram til samþykktar

Helgi Þór Arason, framkvæmdastjóri Landsbréfa, gerði grein fyrir ársreikningi félagsins. Hann fór yfir að árið í fyrra væri annað árið í röð þar sem markaðir voru þungir, hækkun krafna á skuldabréfum, lækkun á gengi hlutabréfa nema undir lok árs þá hefðu markaðir tekið við sér. Hann fór yfir helstu liði rekstrar- og efnahagsreiknings og sjóðstreymis. Í máli hans kom fram að hreinar rekstrartekjur í A-hluta hefðu numið 2.405 m. kr. á árinu 2023, samanborið við rúmar 2.019 m. kr. á árinu 2022. Hagnaður af rekstri ársins 2023 eftir skatta var 1.035 m. kr. samkvæmt rekstrarreikningi samanborið við 814 m. kr. á árinu 2022. Eigið fé Landsbréfa hf. í lok ársins 2023 var tæpar 4.118 m. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en var í lok ársins 2022 rúmar 3.708 m. kr.

Þá var farið yfir samandregnar niðurstöður B-hluta. Aðrir tóku ekki til máls undir þessum dagskrárlið. Ársreikningur fyrir rekstrarárið 2023 var borinn undir fundinn og samþykktur með öllum atkvæðum hluthafa.

3. Ákvörðun um meðferð hagnaðar

Fundarstjóri gerði grein fyrir fyrirbyggjandi tillögu um greiðslu arðs frá stjórn félagsins. Tillagan er svohljóðandi:

„Aðalfundur Landsbréfa samþykkir að greiða 1.000 milljónir króna í arð til hluthafa. Arðgreiðsla skal fara fram innan fjögurra vikna frá samþykkt aðalfundar.“

Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum dagskrárlið og var tillagan borin undir fundinn og samþykkt samhljóða með öllum atkvæðum hluthafa.

4. Kjör stjórnar félagsins

Í stjórn Landsbréfa eiga sæti þrír aðalmenn og einn varamaður. Frá Eignarhaldsfélagi Landsbankans ehf. hefur borist tillaga um að eftirtaldir aðilar verði kjörnir til stjórnar og varastjórnar:

Sigríður Hrefna Hrafnkelsdóttir, í framboði til stjórnarformanns
Anna Bjarney Sigurðardóttir, í framboði sem meðstjórnandi
Jón Þorsteinn Oddleifsson, í framboði sem meðstjórnandi

Í framboði sem varastjórnarmaður væri:
Einar Þór Harðarson

Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum dagskrárlið og engir aðrir eru í framboði og var því sjálfkjörið í stjórnina og voru framangreindir lýstir rétt kjörnir í stjórn félagsins.

5. Kjör endurskoðunarfélags

Stjórn Landsbréfa leggur til að PricewaterhouseCoopers ehf. verði endurkjörið sem endurskoðunarfélag Landsbréfa. Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum dagskrárlið. Aðrir voru ekki kjöri undir þessum dagskrárlið og var PricewaterhouseCoopers ehf. lýst rétt kjörið sem endurskoðunarfélag Landsbréfa.

6. Starfskjarastefna félagsins

Fyrir fundinum liggur til samþykktar starfskjarastefna fyrir Landsbréf, en stefnan var meðal fundargagna. Stefnan er að mestu efnislega óbreytt frá fyrra ári og er í grunninn efnislega samhljóða starfskjarastefnu Landsbankans. Fram kom að eins og hjá móðurfélaginu hefði verið bætt við texta um að starfskjör skuli ekki stuðla að óhóflegri áhættutöku á sviði sjálfbærni.

Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum dagskrárlið og var framlögð starfskjarastefna samþykkt.

7. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna

Svofelld tillaga um þóknun til stjórnarmanna liggur fyrir:

- Stjórnarlaun verði kr. 290.000 á mánuði
- Mánaðarleg greiðsla til stjórnarmanna fyrir setu í undirnefndum verði 85.000 kr. á mánuði
- Laun formanns verði tvöföld stjórnarlaun, kr. 580.000 á mánuði
- Greiðsla til varaformanns stjórnar verði kr. 72.000 fyrir hvern fund sem hann stýrir
- Varastjórnarmaður fái kr. 72.000 fyrir hvern fund sem hann situr í forföllum aðalmanns, þó ekki lægri upphæð en 144.000 kr. á ári

Enginn kvaddi sér hljóðs um þennan dagskrárlið og var tillagan tekin fyrir og samþykkt.

8. Breytingar á samþykktum

Fyrir fundinum liggur eftirfarandi tillaga um breytingar á samþykktum félagsins:

- a. 2. gr. samþykka félagsins orðist svo:
„Tilgangur félagsins er rekstur verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða, eignastýring og fjárfestingaráðgjöf, fjárfestingar og lánastarfsemi innan þess ramma sem lög leyfa.
- b. Orðin „samkvæmt ákvæðum laga nr. 2/1995, um hlutafélög“ í lok 2. mgr. 10. gr. samþykka félagsins falli brott
- c. Í stað orðanna „sbr. þó ákvæði 98. og 99. gr. laga um fjármálafyrirtæki“ í lok 1. mgr. 21. gr. komi: að gættum ákvæðum laga.
- d. Orðin „um fjármálafyrirtæki og ákvæðum laga um hlutafélög í 2. mgr. 21. gr. falli brott.
- e. Í stað orðanna „um fjármálafyrirtæki, laga um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestastjóði, laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, laga nr. 3/2006, um ársreikninga og laga um hlutafélög og ákvæðum reglugerða settum á grundvelli framangreindra laga“ komi: og stjórnvaldsfyrirmæla

9. Önnur mál

Engin önnur mál voru á dagskrá fundarins. Hreiðar Bjarnason, forsvarsmaður Eignarhaldsfélags Landsbankans ehf. og framkvæmdastjóri Fjármála hjá Landsbankanum kvaddi sér hljóðs undir þessum dagskrárlið og sagðist vilja þakka starfsmönnum Landsbréfa fyrir vel unnin störf. Hann þakkaði Þórönnu sérstaklega fyrir samstarfið undanfarin ár og bauð Sigríði Hrefnu velkomna til starfa.

Aðrir tóku ekki til máls. Fundarstjóri óskaði eftir heimild fundarins til að hann og fundarritari fengju að ganga frá fundargerð og að senda nauðsynlegar tilkynningar til fyrirtækjaskrár. Það var samþykkt.

Þannig farið fram. Fundi slitið kl. 16.25.

Bragi Gunnarsson, fundarstjóri

Klara Hrönn Sigurðardóttir, fundarritari